

# **Aukaaðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.**

Haldinn á Hótel Selfossi

16. júní 2022

Júní 2022

## 1. Setning fundar

Jón G. Valgeirsson, formaður SOS, setur fundinn kl. 11:30.

## 2. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefnir frá Sveitarfélaginu Árborg Braga Bjarnason og Örnú Ír Gunnarsdóttur sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara.

Er það samþykkt samhljóða.

Bragi Bjarnason fundarstjóri tekur til máls.

## 3. Kosning kjörbréfa- og kjörnefndar

Lögð er fram svohljóðandi tillaga stjórnar SOS að kjörbréfanefnd.

### **Kjörbréfanefnd**

Árni Eiríksson

Ari Björn Thorarensen

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

### **Sveitarfélag**

Flóahreppur

Sveitarfélagið Árborg

Rangárþing ytra

Er tillagan samþykkt samhljóða og tekur kjörbréfanefnd þegar til starfa.

## 4. Skýrsla stjórnar

Jón G. Valgeirsson, formaður, flytur skýrslu stjórnar.

Stjórn var þannig skipuð: Jón G. Valgeirsson formaður, Anton Kári Halldórsson, Gísli Halldór Halldórsson, Arna Ír Gunnarsdóttir og Ingibjörg Kjartansdóttir.

Fer Jón yfir verkefni sem hafa verið á borði stjórnar. Endurnýjaður hefur verið þjónustusamningur við SASS. Unnið hefur verið að lausnum að úrgagnsmálum á starfssvæði SOS en aðilar að samlaginu eru Árnes- og Rangárvallasýsla.

Stefán Gíslason hefur verið starfandi verkefnastjóri frá árinu 2017 ásamt því að vera úrvinnslustjóri verkefna stjórnar SOS, búið er að ganga frá áframhaldandi samningi við hann. Svæðisáætlun fyrir Suðvesturlandið um meðhöndlun úrgangs er lokið og hún samþykkt hjá aðildarsveitarfélögum SOS. Búið er að skila skýrslu um hátækniþrennslustöð og þarf ný stjórn að huga að næstu skrefum. SOS á land við Kirkjuferjuháleigu og þarf að huga að framtíð svæðisins. SOS á 36% í Orkugerðinni í Flóahreppi sem er í dag fyrirmyndarfyrtæki og rekstur þess gengur vel.

Fyrirhuguð er að uppsetning á brennsluofni fyrir brennslu dýraleyfa á Stönd sem er samstarfsverkefni með Sorpstöð Rangárvallasýslu og þarf að huga að því verkefni. Huga þarf að nýjum úrgangslagabreytingum varðandi gjaldskrármál, vinna að úrvinnsluúrræði vegna úrgangs á Suðurlandi, fara í stefnumótunarvinnu og skoða samþykktir SOS.

Fundarstjóri gefur orðið laust enginn tekur til máls.

## 5. Lögmæti fundarins samkvæmt niðurstöðu kjörnefndar

Árni Eiríksson, formaður kjörbréfanefndar, gerir grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar um lögmæti fundarins. Alls eru 9 fulltrúar kjörgengir, mættir eru 8 aðalmenn og 1 varamaður.

Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

## 6. Kosning stjórnar

Arna Ír Gunnarsdóttir fundarstjóri leggur fram eftirfarandi tillögu kjörnefndar SASS að skipan stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands til eins árs:

### Aðalmenn:

Anton Kári Halldórsson, Rangárþing eystra  
Ása Valdís Árnadóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur  
Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg  
Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Hveragerðisbær

### Varamenn:

Eggert Valur Guðmundsson, Rangárþing ytra  
Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg  
Helga Lind Pálsdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Ingibjörg Kjartansdóttir, Sveitarfélagið Ölfus

Kjörnefnd leggur til eftirfarandi tillögu um formann og varaformann sem skal kjósa sérstaklega á aukaaðalfundinum úr hópi aðalmanna í stjórn.

**Formaður:** Anton Kári Halldórsson, Rangárþing eystra

**Varaformaður:** Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg

Fundarstjóri ber upp tillögu kjörnefndar og er tillagan samþykkt samhljóða með lófaklappi, án athugasemda.

Jón óskar nýrri stjórn til hamingju með kosninguna og óskar þeim velfarnaðar í starfi. Síðastliðin átta ár hafa verið skemmtileg og með fleiri verkefni en áætlað var í upphafi. Útflutningsleið hefur orðið til við leitar á lausna fyrir úrgangsmál á Suðurlandi. Það er mikilvægt að hafa svæðisáætlanir í lagi. Sveitarfélögin á svæðinu eru í nokkuð góðum málum í sorpmálum en þetta er þó verkefni sem þarf áfram að vinna að.

Jón býður nýjum formanni Antoni Kára Halldórssyni að koma upp. Anton Kári þakkar traustið fyrir að vera kosinn formaður SOS og þakkar hann Jóni fyrir gott starf á liðnum árum. Hann hlakkar til komandi tíma með nýrri stjórn og slítur fundi.

Fleiri mál ekki á dagskrá.

Fundurinn felur fundarritara að ganga frá fundargerð í samráði við fundarstjóra.

Fundi slitið kl. 11:50

Rósa Sif Jónsdóttir, fundarritari